



Fleiri þættir hreyfa við gengi krónu

Frá áramótum hefur gengi krónu styrkst um 1,6%, mælt með vísitölu meðalgengis er byggir á þröngri viðskiptavog.¹ Af þeim 13 gjaldmiðlum sem mynda vísitöluna, hefur gengið styrkst gagnvart öllum þeirra nema evru, danskri krónu og sænskri krónu á tímabilinu.

Mest styrking hefur aftur átt sér stað á móti Bandaríkjadal (+9,5%) og sádi-arabísku ríali (+9,4%).

Veikingarfasi gengis krónu frá byrjun júní

Gengi krónu hefur aftur lækkað á móti öllum gjaldmiðlum gengisvísitölnunnar nema rússneskri rúblu frá hágildi 6. júní síðastliðinn, mest gagnvart Kanadadollar (-12%).

Á mælikvarða vísitölnunnar nemur gengisveikingin 8% en 9% og 5,1% m.v. evru og Bandaríkjadal. Þann 31. júlí stóð gengisvísitalan í rúmum 159 stigum, evran og Bandaríkjadalur kostuðu um 121 og 103 krónur.


Breytt landslag á gjaldeyrismarkaðnum

Landslagið á gjaldeyrismarkaði er gjörbreytt eftir að fjármagnshöftin voru loks afnumin að mestu leyti um miðjan mars. Á haftatímabilinu var Seðlabankinn langstærsti þátttakandinn á markaðnum. Bankinn keypti mikið af gjaldeyri til að minnka sveiflur, stemma stigu við of mikilli gengisstyrkingu og bæta í gjaldeyrisforðann.


Mun fleiri þátttakendur eru nú á markaðnum. Einstaklingar geta t.d. stofnað gjaldeyrisreikninga og keypt og selt gjaldeyri að vild. Auk þess er auðveldara fyrir fyrirtæki að verja sig fyrir gengissveiflum með gjaldeyrisvörnum.

Væntingar markaðsaðila varðandi gengisþróun í framtíð hafa einnig meiri áhrif á gengi krónu í dag. Því má segja að fleiri þættir en einungis komur ferðamanna til landsins hafi áhrif á þróun gengis krónunnar.


Gengisbreyting krónu - frá áramótum



Gengisbreyting krónu - frá áramótum



Gengisbreyting krónu - frá 6. júní síðastliðnum



¹ Miðað við skráð miðgengi SÍ 31. júlí síðastliðinn.



Það er m.ö.o. ekki lengur hægt að treysta því að miklar tekjur ferðaþjónustu af ferðamönnum leiði sjálfkrafa til þess að gengi krónu styrkist.

Seðlabankinn haldið sig að mestu til hlés

Þann 18. maí síðastliðinn tilkynnti Seðlabankinn að gjaldeyrisforðinn væri orðinn hæfilega stór og þar með væri bankinn hættur reglubundnum kaupum á gjaldeyri (evrum) á markaði.

Síðan þá hefur bankinn fjórum sinnum komið inn á markaðinn til að kaupa gjaldeyri en þrisvar selt gjaldeyri. Seðlabankinn hefur sagst grípa áfram inn í á gjaldeyrismarkaði til þess að jafna óhóflegar gengissveiflur.

Meiri sveiflur í gengi krónu ekki óeðlilegar

Frá byrjun árs má greina meiri gengissveiflur en fram að þeim tíma hafði gengið haldist tiltölulega stöðugt í skjóli fjármagnshafta. Búast mátti við auknum sveiflum þar sem ljóst var að það styttist í afnám haftanna og viðbúið var að sú þróun héldi áfram eftir það.


Sveiflurnar hafa sennilega verið meiri en margir gerðu ráð fyrir, en þær eru varla óeðlilega miklar miðað við þann langa tíma sem gengi krónu var innan hafta. Áður en höft voru sett á fjármagnsflutninga héraendis voru gengissveiflur almennt meiri.

Smáum gjaldmiðlum í litlum, opnum hagkerfum fylgja líka iðulega meiri gengissveiflur.


Gjaldeyrismarkaðurinn hér á landi er agnarsmár og grunnur þar sem lítil viðskipti (seljanleiki) geta haft mikil áhrif á verðmyndun og hreyft markaðinn til í báðar áttir, og þ.m. ýkt sveiflur.

Segja má að eftir losun fjármagnshafta sé markaðurinn orðinn mun framsýnni og þar með ófyrirséðari en áður.

Gengisbreyting krónu - frá 6. júní síðastliðnum



Flökt gengis krónu gagnvart evru





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.